



„GÆSin mín og GÆSin þín, Egils malt og appelsín“

Orðræðan um kaffihúsið GÆS

Ágústa Björnsdóttir og Jón Ingvar Kjara

► Abstract ► Um höfundana ► About the authors ► Heimildir

Fólk með þroskahömlun hefur í gegnum tíðina verið jaðarsettur hópur og átt fá tækifæri til atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði. Árið 2013 stofnuðu fimm nemendur í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands kaffihúsið GÆS í starfsnámi sínu. Rannsóknin sem hér er til umfjöllunar hafði það að markmiði að draga fram og greina þá orðræðu sem skapaðist í samfélaginu um kaffihúsið GÆS en það hlaut mikla umfjöllun á fréttu- og vefmiðlum. Auk þess var leitast við að fá fram með hvaða hætti orðræðan um GÆS mótaði reynslu stofnfélaganna fimm og í því skyni voru tekin einstaklings- og rýnihópaviðtöl við þau. Gögnin voru greind með orðræðugreiningu og þemagreiningu. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að orðræðan um GÆS hafi einkennst af jákvæðni í garð hópsins sem stóð að kaffihúsinu og birtist hún meðal annars í því að fjölmiðlar og almenningur sýndi kaffihúsinu mikinn áhuga og velvild. Í mótsögn við ofangreinda orðræðu litaðist orðræðan einnig af staðalmyndum um fólk með þroskahömlun sem byggjast meðal annars á því að líta á fólkid sem eilíf börn. Þessar hugmyndir leiddu til þess að fram komu ýmsar efasemdir um getu hópsins til að reka kaffihús og átti það stóran þátt í að rekstrinum var hætt. Jafnframt var stofnfélögunum fimm lýst sem ofurhetjum, snillingum og dugnaðarforkum á samfélagsmiðlum. Þó að orðræðan hafi á stundum virst viðhalda staðalmyndum um fólk með þroskahömlun má álykta að GÆS hafi átt þátt í að opna umræðuna um dugnað og hæfileika fólks með þroskahömlun og átt þátt í að breyta viðhorfum til hópsins.

Efnisorð: Fólk með þroskahömlun, atvinnuþátttaka, mannréttindi, orðræða, fötlunarfræði.

Inngangur

Atvinna hefur mikil áhrif á sjálfsmynd fólks, hún er visst stöðutákn og mikilvægi atvinnu er jafn mikið fyrir jaðarsetta hópa samfélagsins og aðra. Niðurstöður rannsókna benda auk þess til að jafn mikilvægt sé fyrir fólk með þroskahömlun og annað fólk að fá tækifæri til að vinna sig upp í starfi og axla ábyrgð. Einnig vill það fá að ákveða sjálft hvaða störf það vinnur, en svo virðist að oft fái fólk með þroskahömlun ekki tækifæri til slíkra ákvarðana (Margrét Magnúsdóttir, 2010; Wistow og Schneider, 2003). Atvinnutækifæri fólks með þroskahömlun á almennum vinnumarkaði hafa í gegnum tíðina verið takmörkuð og oft hafa því einungis boðist lágt launuð hlutastörf með litlum möguleikum á stöðuhækkun eða starfsframa (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2013; Hagner, 2000). Það urðu því ákveðin tímamót í atvinnuþátttöku fólks með þroskahömlun þegar kaffihúsið GÆS var opnað í Tjarnarbíói í júní 2013. Í fyrsta skipti á Íslandi stofnaði fólk

með þroskahömlun fyrirtæki, var í forsvari fyrir það og sá um rekstur þess.

Mannréttindi fatlaðs fólks hafa verið í umræðunni á síðustu árum og áhrif samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2013) hafa verið mikil. Samningurinn var fullgiltur af íslenskum stjórnvöldum árið 2016 og unnið er að innleiðingu hans hér á landi. Samkvæmt samningnum er það á ábyrgð stjórnvalda að tryggja mannréttindi og þátttöku fatlaðs fólks á öllum sviðum samfélagsins. Í 27. grein samningsins eru réttindi fatlaðs fólks til atvinnu á almennum vinnumarkaði sérstaklega viðurkennd. Í greininni kemur fram að fötludu fólki beri að fá tækifæri til að vinna krefjandi verkefni eins og til dæmis að stofna fyrirtæki (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2013). Þó svo að það sé skylda stjórnvalda að vinna eftir samningi þessum sýna nýlegar íslenskar rannsóknir að atvinnutækifæri á almennum vinnumarkaði eru af skornum skammti og algengt er að viðhorf til fatlaðs fólks litist af fordómum og vantrú á getu þess (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011; Guðrún V. Stefánsdóttir, 2013; Velferðarráðuneytið, 2013).

Rannsóknin sem hér er til umfjöllunar hafði það að markmiði að draga fram og greina þá orðræðu sem skapaðist í samfélaginu um kaffihúsið GÆS en það hlaut mikla umfjöllun á fréttavefmiðlum. Sérstaklega var rýnt í hvernig ríkjandi orðræða um fólk með þroskahömlun birtist. Auk þess var leitast við að fá fram á hvaða hátt orðræðan um GÆS mótaði reynslu stofnfélaganna fimm.

Leitast var við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hvað einkenndi orðræðuna um kaffihúsið GÆS og hverjar voru helstu þversagnirnar í henni?
2. Með hvaða hætti mótaði orðræðan um GÆS reynslu stofnfélaganna fimm?

Það skal tekið fram að fyrsti höfundur greinarinnar vann með hópnum frá upphafi GÆSar, fyrst sem kennari og leiðbeinandi hópsins og síðan sem aðstoðarkona og rannsakandi eftir að kaffihúsið var opnað. Hlutverk hennar var að leiðbeina hópnum, aðstoða við að koma kaffihúsinu á fót og stuðla að því að fimmmenningarnir yrðu sjálfstæðir kaffihúsarekendur sem væru í forsvari fyrir kaffihúsið og allt ferlið, frá hugmynd að veruleika.

Fræðilegur bakgrunnur

Sú rannsókn sem hér er til umfjöllunar er á sviði fötlunarfræða sem hafnar og mótmælir einhliða læknisfræðilegum skilningi á fötlun og leggur áherslu á félagslegan skilning á fötlun og mannréttindi (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir, 2013; Shakespeare, 1998). Fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar byggist auk þess á kenningum Nine Lykke (2010) um samtönnun, hugmyndum um ableisma, kenningum Michel Foucault um vald, orðræðu og heterótópiu (Oliver, 1990; Foucault, 1998, 2002, 1966–1976/2005; Goodley, 2011; Jón Ingvar Kjaran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2015; Shildrick, 2017). Auk þess verður stuðst við rýmiskenningar de Certeau (1984).

Orðræða um fólk með þroskahömlun hefur lengi litast af læknisfræðilegum skilningi á fötlun og meðal annars viðhaldið þeirri sýn að það sé byrði á fjölskyldum sínum og samfélagi og háð góðmennsku annarra til að geta spjarað sig í samfélaginu (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2008; Kristín Björnsdóttir og Kristín Stella L'orange, 2014). Þessi orðræða og þau viðhorf sem birtast í henni hafa haft áhrif á félagslega stöðu, réttindi og daglegt líf fólksins (Rannveig Traustadóttir, 2006). Í kjölfar réttindabaráttu fatlaðs fólks á sjöunda og áttunda áratug liðinnar aldar og í andstöðu við læknisfræðilegan skilning á fötlun varð til róttækur félagslegur skilningur á fötlun. Félagslegur skilningur beinist að því að greina félagslegar hindranir í lífi og umhverfi fatlaðs fólks sem er rauður þráður í rannsókn þessari. Því er hafnað að fötlun orsakist einungis

af skerðingu einstaklingsins heldur verði hún til vegna samfélagslegra hindrana og viðhorfa sem móta hafa í gegnum sögu og menningu (Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2013). Með tilkomu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur félagslegur mannréttindaskilningur á fötlun hlotið aukna athygli og viðurkenningu. Samkvæmt honum á fatlað fólk rétt á að njóta fullra mannréttinda og halda mannlegri reisu sinni. Lítið er svo á að stjórnvöld beri ábyrgð og það sé þeirra að bregðast við hindrunum sem á vegi fatlaðs fólks verða, í því skyni að fólk geti lifað lífi sínu með þeirri reisu sem það á rétt á og tekið fullan þátt í samfélaginu (Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2013). Sá skilningur á fötlun sem liggur að baki rannsókninni er auk félagslegs mannréttindaskilnings á fötlun svonefndur félagslegur tengslaskilningur á fötlun. Í honum er lítið svo á að fötlun verði til í flóknu samspili líffræðilegra, menningarlegra og pólitískra þátta (Shakespeare, 2006; Tøssebro, 2004). Tengslaskilningur á fötlun er lagður til grundvallar í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2013).

Í rannsókninni er auk þess byggt á feminískum kenningum um samvinnun sem hefur verið skilgreind sem fræðilegt tæki til þess að skoða og greina valdamisræmi í samfélaginu. Með þessum kenningum er hægt að skoða og greina hvernig félagslegar hugsmíðar eins og kyngervi, hörundslitur, stétt og kynhneigð geta stuðlað saman að því að skapa og viðhalda félagslegu misrétti (Lykke, 2010). Það var þó ekki fyrr en á allra síðustu árum að farið var að tengja fötlun í þessa umræðu og bent hefur verið á að þó að fötlun hafi ein og sér mikil áhrif á samfélagslega stöðu manneskjunnar tilheyrir fatlað fólk einnig öðrum hópum samfélagsins hvað varðar kyn, aldur, kynhneigð, etniskan uppruna, efnahagsstöðu, litarhátt o.s.frv. (Campell, 2009). Í samhengi samvinnunar hefur verið bent á að fötlun geti líkt og kyngervi og hörundslitur haft áhrif á það hvernig komið er fram við fatlað fólk í samfélaginu (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Auk ádurnefndra hugmynda og kenninga um fötlun er rannsóknin undir áhrifum krítískrar fötlunarfræði (e. critical disability studies) en hún tengist öðrum krítískum fræðum eins og hinsegin fræðum og feminískum fræðum. Þannig vísar hugtakið fötlun til ákveðinnar félagslegrar undirokunar og misréttis sem líkt er við kynþáttamisrétti og kynjamisrétti svipað og kenningar um samvinnun gera ráð fyrir. Ráðandi staða ófatlaðs fólks í samfélaginu hefur í för með sér mikið valdamisræmi. Samkvæmt krítískra sjónarhorninu er mikilvægt að fatlað fólk stígi fram, skipi sér sess og andæfi valdi hins ófatlaða meirihluta (Goodley, 2014). Innan krítískra fötlunarfræða hefur hugtakið ableismi verið notað til að greina viðhorf og fordóma gagnvart fötludu fólki en jafnframt til að draga fram valdaástæður innan samfélags sem hyglir þeim sem eru ófatlaðir. Ableismi gengur út frá því að fötlun sé ákveðið frávik frá norminu og að ófatlað fólk sé alltaf sett skör hærra en fatlað fólk í samfélaginu. Samfélagið sé því skipulagt út frá ófötludu fólki og ekki gert ráð fyrir hvers kyns margbreytileika (Carlson, 2001; Goodley, 2011; Shildrick, 2017). Þetta má til dæmis heimfæra á það þegar ekki er gert ráð fyrir að fólk með þroskahömlun geti stofnað og rekið sitt eigið fyrirtæki. Í rannsókninni er hugtakið notað til þess að varpa ljósi á hversu margslungin, rótgróin og flókin viðhorf til fólks með þroskahömlun geta verið.

Í rannsókninni er byggt á orðræðugreiningu í anda franska heimspekingsins Michel Foucault (1998, 1966–1976/2005). Að hans mati er tiltekin orðræða ríkjandi á hverjum tíma þó svo að birtingarmyndir hennar geti verið mismunandi. Orðræðu má skilgreina sem samspil þekkingar og valds sem bæði ákvarðar hvernig eigi að orða hlutina, hverjir megi segja hvað og í hvaða samhengi. Ríkjandi orðræða hefur því móttandi áhrif á hugmyndir fólks og á hvað sé viðurkennt hverju sinni. Þannig eru bein tengsl á milli þekkingar og valds sem móta viðhorf fólks til sjálfs síns og annarra. Orðræða getur þar af leiðandi breitt út og styrkt ríkjandi hugmyndir innan samfélagsins, hyglað með öðrum orðum tilteknum valdahópum. Svo dæmi sé tekið þá hefur orðræða um fólk með þroskahömlun í sögulegu samhengi verið á valdi ófatlaðs fólks og hefur haft mikil áhrif á félagsleg viðhorf til hópsins (Campell, 2009). Með því að rýna í orðræðuna má því draga fram valdaástæður og hvernig viðhorf til ákveðinna jaðarhópa hafa þróast og orðið að ríkjandi þekkingu sem að mati Foucault (1966–1976/2005) getur leitt til útilokunar og jaðarsetningar. Allt sem fellur utan hins ríkjandi viðmiðs verður að mati Foucault (1998, 1966–1976/2005) afbrigðilegt og um leið óæskilegt. Slík aðgreining getur verið sérstaklega skaðleg

jaðarsettum hópum sem oft fá ekki tækifæri til að andæfa valdinu. Hins vegar vekur allt vald að mati Foucault upp andóf gegn ríkjandi hugmyndum. Svo dæmi sé tekið þá mætti nefna andóf og gagnrýni gegn manngerðum hindrunum í samfélaginu eða ákveðinni orðræðu um fatlað fólk. Markmið orðræðugreiningar er því að draga fram ólíkar birtingarmyndir og þversagnir í orðræðunni. Þversagnirnar eru þannig hluti af orðræðunni og með þeim er oft hægt að finna andóf gegn því sem er ríkjandi í menningunni hverju sinni (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006).

Michel de Certeau (1984) gerir grein fyrir ákveðnum mun á stöðum og rými. Ríkjandi öfl hafa valdið í skipulagningu á stöðum í samfélaginu og þar ríkir ákveðinn stöðugleiki, röð og regla. Þó að ríkjandi hópar hafi þar völdin þá eru staðirnir líka notaðir af jaðarsettum hópum samfélagsins. Með hugtakinu rými er átt við bæði hlutlægt og huglægt svæði innan staða og í menningu fólks. Rýmið getur líka verið ákveðið andrými og þannig rými jaðarsettra hópa. Viðhorf og framkoma ríkjandi aflla hafa áhrif á hvernig rými þróast og dafna. Þannig ná þau að viðhalda félagslegum yfirburðum sínum og menningu (Lefebvre, 1991). Fatlað fólk sem jaðarsettur hópur þarf oft að skapa sér rými með fjölbreyttum, óhefðbundum og skapandi aðferðum sem eru þá í andstöðu við hugmyndir ríkjandi hópa (Kristín Björnsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013). de Certeau (1984) talar um aðferð þegar farið er á móti straumnum og ekki farið eftir settum reglum eða þegar fólk kemur fram á annan hátt en ætlast er til. Samkvæmt rýmiskenningum de Certeau þá má segja að vettvangur kaffihúsa í Reykjavík sé dæmi um staði. Innan hennar gilda ákveðnar reglur um kaffihúsarekstur, bæði skráðar og óskráðar. Ein af óskráðu reglunum er sú að kaffihúsum sé stýrt af ófötluðu fólki. Þegar GÆS var stofnað bjuggu þau sem að kaffihúsinu komu sér til sitt eigið rými innan þess vettvangs sem kaffihús í Reykjavík eru, rými þar sem þau höfðu valdið, voru metin að verðleikum og gátu haft áhrif á bæði samfélagið og orðræðuna um sig. Rýmiskenningar de Certeau eru notaðar í því skyni að varpa ljósi á sérstæði rýmis GÆSar og áhrifamátt þess.

Hugtakið heterótópía fellur vel að rýmishugmyndum de Certeau en Foucault skilgreindi það sem rými þess óhefðbundna eða sem annars konar rými, jafnvel rými í rýminu eða eins konar hliðarrými (Foucault, 2002). Í heterótópiu eru gjörðir fólks oft undir öðrum reglum en þeim sem það undirgengst í sínu venjubundna lífi/rými. Foucault velti fyrir sér ýmsum tegundum af heterótópium, m.a. heterótópium sem rými fyrir hópa á jaðrinum, þá sem falla ekki að ríkjandi normi samfélagsins. Í samfélagi fólks og menningu er það ríkjandi norm að vera ófatlaður og í vinnu á almennum vinnumarkaði. Í því sambandi er hægt að nýta sér heterótópiuhugtak Foucault þegar „hliðarrými“ á borð við GÆS er skoðað og greint, en þar fengu þátttakendur rannsóknarinnar tækifæri til að blómstra og móta sig í störfum sem fram til þessa höfðu verið álitin vera fyrir ófatlað fólk. Þar með getur þess háttar rými talist frelsandi (Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2015).

Aðferð

Rannsóknin sem hér er til umfjöllunar er etnógrafísk rannsókn sem flokkast til eigindlegra rannsóknaraðferða. Etnógráfía á rætur sínar að rekja til mannfræðirannsókna en hefur líka öðlast sess í félags- og menntavísindum. Markmið etnógrafískra rannsókna er að leitast við að skilja sjónarhorn fólks í náttúrulegum aðstæðum þess. Í etnógrafískum rannsóknum er sjónum oft beint að því sem á yfirborðinu er ósýnilegt og þarfnast fjölbreyttra leiða til að skoða. Etnógráfía felur í sér fjölbreytta nálgun og einkennist meðal annars af þátttökuathugunum og viðtölum við gagnasöfnun sem fellur vel að þeirri rannsókn sem hér er til umfjöllunar þar sem rannsóknin samanstendur meðal annars af viðtölum og þátttökuathugunum svo og að lykilorðþátttakendur tóku þátt í mótun hennar (Atkinson og Hammersley, 2007).

Þátttakendur

Lykilþátttakendur í verkefninu voru fjórar konur og einn karlmaður. Þau voru öll nemendur í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun. Þau tóku sjálf ákvörðun um að taka þátt í kaffihúsaþróun í starfsnámi sínu og völdust þannig í rannsóknina. Kaffihúsaaverkefnið GÆS er þjóðþekkt, hlaut mikla umfjöllun í fjölmiðlum eins og fram hefur komið og fimmmenningarnir vilja öll koma fram undir nafni. Þau eru Gísli Björnsson, Lára Steinarsdóttir, María Þ. Hreiðarsdóttir, Steinunn Ása Þorvaldsdóttir og Unnur Jónsdóttir. Það er ekki venjan að nefna þá sem taka þátt í rannsóknum með nafni en hjá því verður ekki komist þar sem að GÆS er þjóðþekkt. Auk þess eru þau stolt af þátttöku sinni í GÆS og vilja koma fram undir nafni. Þau eru hins vegar ekki nefnd á nafn í umfjöllun um niðurstöður í greininni og því er ekki hægt að rekja einstök ummæli til hvers og eins þeirra. Nánar verður fjallað um þetta í kafla um siðferðileg álitamál.

Gagnasöfnun og greining

Rannsóknin var unnin í tveimur hlutum. Annars vegar voru tekin tíu einstaklingsviðtöl og tólf rýnihópaviðtöl við frumkvöðlana fimm, þ.e. GÆSarhópin. Fyrsti greinarhöfundur fylgdist jafnframt með öllu ferlinu og vann þátttökuathuganir. Hins vegar voru fjölmiðlaumfjöllun og gögn af samfélagsmiðlum greind með sögulegri orðræðugreiningu í anda Michel Foucault þar sem leitað var eftir þrástefjum í textanum (Foucault, 1972; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006).

Tilgangur rýnihópaviðtölna var að ræða hugmyndir og reynslu þátttakenda af starfi sínu á GÆS. Rýnihópaviðtöl hentudu hópnum vel og oftast leiddu þau til þess að skilningur varð á milli allra sem tóku þátt. Það var þó mikilvægt að fara af stað með ákveðið og skýrt viðfangsefni til að ræða sem oft tók svo óvænta stefnu í takt við umræðurnar hverju sinni (Silverman, 2010). Tilgangur einstaklingsviðtölna var að öðlast betri skilning á reynslu fimmmenninganna. Markmið þeirra var að fá fram sjónarhorn þeirra og gefa þeim tækifæri til að ræða reynslu sína af þátttöku sinni í GÆS. Með einstaklingsviðtölum var líka hægt að dýpka margt sem áður hafði komið fram í rýnihópaviðtölum og var meira við hæfi að ræða í einrúmi. Undirbúningur fyrir rýnihópa- og einstaklingsviðtöl fólst meðal annars í því að búa til lista yfir ákveðin atriði. Þessi listi varð síðan að opnum viðtalsramma sem var í þróun gegnum öll viðtölin. Þannig skapaðist flæði í umræðunum og hægt var að fylgja spurningum betur eftir í takt við hvernig umræðan þróaðist. Öll viðtöl voru hljóðrituð, afrituð og greind með einfaldri þemagreiningu (Creswell, 2007). Viðtölin voru tekin á árunum 2012–2014, ýmist á heimilum þátttakenda, í húsnæði Menntavísindasviðs eða á kaffihúsinu GÆS. Í þátttökuathugunum fólst að fyrsti greinarhöfundur fylgdist með lykilþátttakendum í öllu ferlinu og eftir að kaffihúsið var opnað. Hún varði alls 170 tímum á vettvangi og eftir hvern dag skrifaði hún vettvangsnótur þar sem lýst var aðstæðum, samskiptum og því sem átti sér stað. Við undirbúning gagnagreiningarinnar var skipulagi komið á gögnin, þeim raðað upp þannig að þau væru aðgengileg og að sem auðveldast væri að hafa yfirsýn yfir þau. Leitað var eftir síendurteknum hugmyndum og athöfnum sem birtust í samtölum og frásögnum þátttakenda og skoðað var hvernig frásagnirnar mynduðu heilsteypta lýsingu á því hvernig viðmælendur upplifðu ákveðin atriði og þetta tímabil (Braun og Clarke, 2013). Í greiningu á einstaklingsviðtölum, rýnihópaviðtölum, þátttökuathugunum og dagbókum/vettvangsnótum rannsakanda urðu til þrjú meginþemu: Nýsköpun, viðhorf og þakklæti.

Fjölmiðlaumfjöllun og gögn af samfélagsmiðlum voru greind með sögulegri orðræðugreiningu í anda Michel Foucault þar sem leitað var eftir þrástefjum í textanum. Þrástefin eru hugmyndir sem birtast endurtekið í texta. Skoðað var hvort þrástefin mynduðu mynstur í orðræðunni. Með orðræðugreiningu er leitast við að greina mismunandi sjónarhorn og þversagnir (Foucault, 1972; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006). Fyrirliggjandi gögn voru tíu blaðagreinar í Fréttablaðinu, DV (Dagblaðið Vísir) og Morgunblaðinu og fréttir sem birtust á Ruv.is á tímabilinu apríl–október 2013. Auk þess voru Facebook-síða GÆSar greind. Þessir miðlar voru valdir vegna þess að sú orðræða sem þar er að finna lýsir hvað best umræðunni í samfélaginu. Í greiningunni

urðu þrástefin þrjú: Nýsköpunarorðræða, félagsleg og menningarleg orðræða og hetju- og góðgerðarorðræða. Í niðurstöðukafla þessarar greinar verður fjallað um þemu og orðræðu saman þar sem þetta tvennt kallast á.

Siðferðileg álitamál

Í eigindlegum rannsóknum er talið mikilvægt að rannsakendur séu sér meðvitaðir um tengsl sín við rannsóknarefnið og geri grein fyrir þeim (Creswell, 2007). Fyrsti höfundur kenndi, var leiðbeinandi og samstarfskona GÆSarhópsins frá hugmynd þess að veruleika. Það var því mikilvægt í öllu ferlinu að ígrunda eigin viðhorf og sjónarmið og skoða með hvaða hætti þau höfðu áhrif á framvindu rannsóknarinnar og niðurstöður hennar. Fyrsti höfundur tók þann pól í hæðina frá upphafi að GÆS væri verkefni þeirra og að hennar hlutverk væri að ýta undir sjálfstæði hópsins, undirbúa hann vel þannig að þátttakendur gætu axlað ábyrgð á GÆS eftir að náminu lauk. GÆS var því alltaf kaffihúsið þeirra, hugmyndin kom úr þeirra röðum og allur undirbúningur og vinna fólst í því að styrkja þá í þessu nýja hlutverki.

Í siðferði rannsókna er mikilvægt að þátttakendur séu sáttir við sitt framlag og að rannsóknin verði þeim ekki til skaða. Litið er svo á að upplýst samþykki sé lykilatridi í siðferði rannsókna. Þátttakendur í rannsókninni fengu upplýsingar um hana í upphafi og skrifuðu undir samþykkiseyðublað þar sem fram kom að þeir gætu hætt þátttöku hvenær sem væri (Esterberg, 2002). Frá upphafi rannsóknarinnar komu lykilorð þátttakendur að ákvarðanatöku í sambandi við rannsóknina og vinnslu hennar. Í eigindlegum rannsóknum er nafnleynd talin skipta miklu máli. Auk þess er mikilvægt að rannsakandi sýni þátttakendum virðingu og sé þeim og rannsókninni trúr (Bogdan og Biklen, 1998). Fjallað hefur verið um GÆS opinberlega og því ekki mögulegt að tryggja nafnleynd lykilorð þátttakenda. Auk þess vilja þeir koma fram undir nafni, eru stoltir af þátttökunni í GÆS og finnst ekki við hæfi að koma fram undir dulnefni. Komist var að þeirri niðurstöðu að þeir yrðu nafngreindir í þessum kafla um aðferðafræði í greininni en ekki að öðru leyti. Þannig er ekki hægt að tengja ákveðin atriði og ummæli við hvert og eitt þeirra. Þessi staða er að einhverju leyti óvenjuleg í rannsóknum á þessu sviði enda alltaf lögð áhersla á persónuvernd og að þátttakendur skaðist ekki á neinn hátt vegna þátttöku sinnar (Bogdan og Biklen, 2003).

Gildi rannsókna

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa ákveðið nýsköpunargildi en verkefnið varð til í grasrót fólks með þroskahömlun og á sér ekki hliðstæðu hér á landi. Þar má sérstaklega nefna þá sérstöðu að fólk með þroskahömlun sé við stjórn og rekstur fyrirtækis sem telst nýlunda hérlandis. Í Bandaríkjunum eru nokkur dæmi þess að fólk með þroskahömlun sé í fyrirtækjarekstri og má þar nefna sokkafyrirtæki, brauðgerð og rekstur veitingahúsa (Aol, 2013; John's crazy socks, 2017). Hagnýtt gildi rannsóknarinnar felst ekki síst í því að læra af því ferli sem fór fram og reyna að skilja hvað liggur að baki orðræðunni um kaffihúsið GÆS. Ef neikvæð viðhorf eru ekki afhjúpuð og rædd þá munu þau ekki breytast. Niðurstöður þessarar rannsóknar munu því geta átt þátt í því að breyta viðhorfum og mögulega vinnubrögðum í málaflokki fatlaðs fólks sem oft er ekki nægilega mannréttindamiðaður.

Bakgrunnur – kaffihúsið GÆS

Hugmyndin að kaffihúsinu GÆS varð til í diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Diplómanámið er starfstengt og um það bil helmingur námsins er vettvangstengdur en undirbúningur og framkvæmd kaffihússins var hluti af starfsnámi fimm nemenda í diplómanáminu. Hugmyndina að kaffihúsinu GÆS fékk Steinunn Ása Þorvaldsdóttir en haustið 2011, er hún hafði nýhafði diplómanám sitt, kom hún að máli við fyrsta höfund greinarinnar sem starfaði sem verkefnastjóri diplómanámsins og sagði: „Það eru of fá atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk, því vil ég breyta og opna mitt eigið kaffihús. Get ég

gert það í náminu?“ Eftir mikla undirbúningsvinnu varð til nýstárlegt verkefni sem tengdist atvinnuþátttöku diplómanema og meistaraverkefni því sem hér er til umfjöllunar. Í hönd fóru spennandi tímar við að þróa verkefnið, móta hugmynd þess og finna leiðir til að það gæti orðið að veruleika.

Á fyrstu stigum verkefnisins var leitað til Reykjavíkurborgar sem sýndi verkefninu áhuga og veitti því styrk til að hefja starfsemina. Því næst veitti Háskóli Íslands leyfi fyrir verkefninu, að fyrsti höfundur leiddi starfsnámsþóp diplómanema og leiðbeindi í öllu ferlinu. Á vormisseri 2013 varð starfsnámsþópurinn og kaffihúsaverkefnið GÆS að veruleika. Eins og áður sagði völdust fimm nemendur úr diplómanáminu í hópin og hlutverk þeirra var að móta hugmyndafræði GÆSar ásamt því að gerast sérfræðingar í kaffihúsarekstri. Það var meðal annars gert með því að fara í starfsþjálfun hjá fyrirtækinu Kaffitári, heimsækja fjöldann allan af kaffihúsum, fá fræðslu í rekstri, vera í hugmyndaárinu, innrétta kaffihúsið, ákveða matseðil, vera í samstarfi við Kaffitár svo og Reykjavíkurborg og sækja fundi með fulltrúum borgarinnar, markaðssetja fyrirtækið, finna því nafn, finna hentugt húsnæði, hanna vörumerki (lógó) og margt fleira. Nafn kaffihússins GÆS stendur fyrir einkunnarorð GÆSarhópsins – get-ætla-skal. Nafnið þótti líka lýsandi fyrir staðsetningu kaffihússins sem stóð við Reykjavíkurtjörn þar sem stór gæsaþóp heldur til. Kaffihúsið GÆS var opnað í júní 2013 eftir langt og strangt undirbúningstímabil og var rekið sumarið 2013 með styrk frá Reykjavíkurborg og Háskóla Íslands með möguleika á að halda áfram rekstri ef vel tækist til. Haustið 2013 var kaffihúsinu lokað því að ekki náðist samkomulag á milli GÆSarhópsins og Reykjavíkurborgar um frekara samstarf. Kaffihúsið var opnað á ný sumarið 2014 og starfaði þá um sumarið í litlu húsi á Bernhöftstorfu. Að auki hefur hópurinn tekið þátt í jólamarkaði á Ingólfstorgi og jafnréttisdögum Háskóla Íslands. GÆS hefur hlotið margvíslega viðurkenningu og hafa stofnfélagarnir víða haldið fyrirlestra um verkefnið. Þau hlutu Múrbrjót Landssamtakanna Þroskahjálpar árið 2013 fyrir nýsköpun í atvinnumálum og hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands sama ár.

Niðurstöður

Þessi kafli fjallar um niðurstöður rannsóknarinnar og skiptist í þrjú undirkafla sem eru: Nýsköpun, fyrirmyndir og frumkvöðlastarf, Staðalmyndirnar krakkar, hetjur og 2000 bollar af þakklæti og Örlög GÆSar.

Nýsköpun, fyrirmyndir og frumkvöðlastarf

Í kjölfar þess að kaffihúsahópurinn GÆS opnaði síðu á Facebook á vordögum 2013 varð mikil umfjöllun um verkefnið í fjölmiðlum. Sem dæmi má nefna að hópurinn fór í tuttugu viðtöl árið 2013 en auk viðtala í byrjun hélt fjölmiðlaumfjöllunin áfram eftir að GÆS var opnað. Fjallað var um verkefnið í dagblöðum, sjónvarpi og útvarpi og daginn sem GÆS hóf starfsemina var fjallað um opnunina í kvöldfréttum ríkissjónvarpsins. Í upphafi beindist umfjöllunin að þeirri nýlundu að fólk með þroskahömlun væri í forsvari fyrir sitt eigið fyrirtæki. Fyrsta fréttin sem skrifuð var um GÆS birtist á forsíðu Fréttablaðsins 11. apríl 2013. Greinin bar yfirskriftina „Brautryðjendur sem undirbúa ævintýri“. Í fréttinni var fjallað um þá mannréttindasýn sem GÆS stendur fyrir og að þetta væri í fyrsta sinn á Íslandi sem fólk með þroskahömlun stofnaði sitt eigið fyrirtæki. Fréttin var í viðtalsformi og þar segir Steinunn Ása Þorvaldsdóttir: „Fatlað fólk getur allt ef það fær tækifæri til þess“ (Garðar Örn Úlfarsson, 2013). Sambærileg umfjöllun kom fram í flestum fréttamiðlum landsins og fjallað var um hópin sem að kaffihúsinu kom sem frumkvöðla og fyrirmyndir. Mikil jákvæðni og bjartsýni einkenndi þá nýsköpunarorðræðu sem fram fór í fjölmiðlum. Í fréttaplutningi kom ítrekað fram að hugmyndin að kaffihúsinu hefði orðið til í röðum frumkvöðlanna fimm. Opinbera orðræðan um GÆS varð til þess að hópurinn fékk ótakmarkað aðgengi að fjölmiðlum og keppst var um að fjalla um þau sem hlut áttu að máli og kaffihúsið þeirra. Sú umfjöllun varð svo mikil að á tímabili fóru þau að eigin frumkvæði í tímabundið fjölmiðlabann. Þetta hafði eitt þeirra um málið að segja:

Þetta var bara orðið of mikið, við vorum alltaf í viðtölum og við vildum ekki að allir væru bara orðnir þreyttir á okkur áður en GÆS opnaði. Þess vegna fórum við í fjölmiðlabann.

Hópurinn hafði þá farið í átta viðtöl í hinum ýmsu fjölmiðlum. Í því sambandi má leiða að því líkur að „rýmið GÆS“ hafi orðið til þess að hópurinn öðlaðist nýja rödd og að á þau væri hlustað. Til þess að búa til rýmið GÆS þurfti hópurinn að fara óhefðbundnar leiðir þar sem GÆS varð til í starfsnámi, fékk styrki til þess að hefja starfsemina og hafði ekki yfir miklu fjármagni að ráða. Þau þurftu að vekja athygli á verkefninu sem varð til þess að allir fjölmiðlar vildu fjalla um GÆS og er það sennilega best kynnta kaffihús sem opnað hefur verið á Íslandi. de Certeau (1984) bendir á að jafnarsettir hópar samfélagsins þurfi oft að fara óhefðbundnar leiðir rétt eins og GÆSarhópurinn gerði. Rýmið var í raun tvenns konar, það rými sem GÆS fékk í fjölmiðlum og svo sjálft rýmið kaffihúsið GÆS sem var þá forsenda fyrir fjölmiðlarýminu. Rými kaffihússins GÆSar var óvænt, óhefðbundið, bjart og skemmtilegt og segja má að manngerðum hindrunum eins og staðalmyndum sem felast í að draga fram vangetu fólks með þroskahömlun hafi verið ögrað. Hópnum voru allir vegir færir. GÆS var þeirra rými sem þau vildu stolt sýna almenningi. Þau fundu að þau gátu haft áhrif og sýnt hvað í þeim bjó:

Mér fannst svo gaman hvað allir höfðu mikinn áhuga á GÆSinni okkar, það voru allir alltaf að spyrja mig. GÆS var líka svo flott. Það var líka gaman að sýna öllum að fatlaðir geta ýmislegt, við þurfum bara að fá tækifæri og þá getum við sýnt það.

Með þessum hætti varð GÆS frelsandi rými, hliðarrými eða nokkurs konar heterótópía, þar sem fatlað fólk gat sjálft haft áhrif á orðræðuna um sig og á umræðuna. Fólk með þroskahömlun hefur átt takmarkaðan aðgang að fjölmiðlum og þegar fjallað er um málefni þess er algengast að ófatlaðir sérfræðingar séu í því hlutverki í stað þess að fólk sjálft fái tækifæri til að tjá sig (Kristín Björnsdóttir, 2009). Sú mikla umfjöllun sem var um GÆS var því um margt óvanaleg í sögulegu samhengi. Það má því leiða að því líkur að með GÆS hafi átt sér stað ákveðin vitundarvakning í íslensku samfélagi um getu og hæfileika fólks með þroskahömlun og að það geti lagt mikilvæga hluti til samfélagsins. Í 8. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er vakin athygli á mikilvægi vitundarvakningar með það að markmiði að auka virðingu fyrir réttindum fatlaðs fólks og breyta neikvæðum viðhorfum. Þar kemur líka fram að ábyrgð fjölmiðla sé mikil og að hvetja skuli fjölmiðla til að fjalla um fatlað fólk af virðingu og á jákvæðan hátt (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2013). Viðhorfum má breyta og bent hefur verið á að árangursríkast hafi reynst þegar fatlað fólk á sjálft þátt í breytingum með því að tjá sig og láta rödd sína heyrast (Eva Þórdís Ebenezersdóttir, 2014) eins og GÆSarhópurinn sýndi. GÆSarfólkið var líka meðvitað um hvernig það vildi að fjallað væri um hópinn, hvaða hugtök væru notuð og létu fréttafólk og blaðamenn vita af því. Ýmist notaði hópurinn Facebook-síðu GÆSar eða skrifaði tölvupóst til fréttamanna og þau hikuðu ekki við að gera viðvart ef þeim þótti orðalag vera meiðandi eða ekki við hæfi. Til dæmis var GÆS í einu viðtali kallað kaffihús fatlaðra (Kaffihús fatlaðra fær verðlaun, 2013). Þá var hópurinn fljótur að bregðast við og minna á að GÆS væri staður fyrir alla en ekki aðgreinandi rými. Þannig gátu þau haft áhrif á orðræðuna um sig og haldið uppi ákveðnu andófi. Rýmið var þannig frelsandi fyrir hópinn og staður til að hafa áhrif.

Einkenni þeirrar nýsköpunarorðræðu sem fram kom um GÆS var auk þess ákveðin bjartsýni og jákvæðni. Hvert sem félagarnir í hópnum komu var þeim vel tekið og allir vildu tala um GÆS. Þannig var GÆS til umfjöllunar á mörgum stöðum í samfélaginu, ekki aðeins á Facebook heldur til dæmis líka í heitu pottunum en þar fer oft fram lifandi samfélagsumræða og speglar hún ekki síður íslenskt samfélag. Þetta kom fram í vettvangsnótum fyrsta höfundar daginn eftir sjónvarpsþáttinn Kastljós þar sem GÆSarhópurinn var í aðalhlutverki 19. apríl 2013:

Í dag var einstaklega gaman að vera með GÆS, við fórum í heimsókn á kaffihús og þar var hópnum vel tekið. Þar eins og alls staðar vildu allir tala um GÆS, þar kom fram að GÆS hefði verið aðalumræðuefnið í heitu pottunum í Vesturbærjarlaug þennan morguninn. Þar fögnuðu allir framtakinu og hrósuðu GÆSarhópnum fyrir frábært framtak.

Áhrif nýsköpunarorðræðunnar voru því mikil og reyndust frelsandi fyrir hópinn. Hún gaf félögum byr í seglin í upphafi og lét þau finna að kaffihúsið GÆS væri velkomið. Auk þess reyndist umræðan rós í hnappagat Reykjavíkurborgar sem styrkti reksturinn frá upphafi.

Staðalmyndirnar krakkar, hetjur og 2000 bollar af þakklæti

Í aðdraganda opnunar kaffihússins, þann 9. maí 2013, var haldin svokölluð bollasöfnun í ráðhúsi Reykjavíkur að frumkvæði Reykjavíkurborgar. Fréttablaðið var meðal þeirra fjölmiðla sem fjallaði um bollasöfnunina og í frétt blaðsins var biðlað til almennings um að leggja verkefninu lið (Fólk beðið um að leggja til bolla, 2013). Söfnunin gekk vonum framár og rúmlega 2000 bollar söfnuðust. Á samfélagsmiðlum kom þrástefið um gjafmildi Íslendinga ítrekað fram. Mun fleiri en þeir sem komu á bollasöfnunardaginn vildu gefa bolla og aðra hluti sem að gagni gætu komið á kaffihúsinu. Raunin varð sú að GÆS fékk allt of mikið af hlutum sem engin not voru fyrir. Þegar fólk fær hluti að gjöf er yfirleitt ætlast til að það sýni þakklæti. Hópurinn var því oft í því hlutverki að þurfa að þakka fyrir sig, telja upp þá sem gáfu og taka myndir af sér með þeim sem gáfu. Það má leiða að því líkur að kaffihús sem rekið væri af ófötluðu fólki fengi tæplega sambærilega umfjöllun og gjafir og raun bar vitni. Ekki er ólíklegt að heimfæra megi þessa miklu gjafmildi á söguleg viðhorf í garð fólks með þroskahömlun sem byggjast á þeim viðhorfum að fólk sé upp á góðmennsku og velvild annarra komið og að það eigi að vera þakklátt (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008). Hópurinn var vissulega þakklátur fyrir allar þessar gjafir en fannst líka nóg um alla gjafmildina.

Það var alveg ótrúlegt hvað við fengum mikið gefins. Við vissum samt ekkert hvað við áttum að gera við allt þetta dót. Hvaðan kom þetta eiginlega allt saman? Fólk var nú voða gott að gefa okkur þetta allt en við gátum ekkert notað þetta allt.

Það voru án efa mismunandi sjónarmið að baki gjöfunum og ætla má að margir hafi séð að þarna væri verkefni sem vert væri að styðja, höfðu trú á því og vildu veita kaffihúsinu brautargengi.

Í umfjöllun um GÆSarhópinn á samfélagsmiðlum komu fram ýmsar þversagnir sem heimfæra má á algengar staðalmyndir um fatlað fólk. Meðal annars má nefna að fólk með þroskahömlun hefur verið sett í ýmis söguleg hlutverk eins og að það sé eilíf börn, háð forræði og aðstoð annarra. Auk þess hefur fatlað fólk oft verið sett í hlutverk hetju, ofurhetju eða snillinga (Kristín Björnsdóttir, 2009). Ímynd hetjunnar eða ofurmennisins felst meðal annars í því að fatlað fólk sigrast á fötlun sinni á einhvern hátt með því að gera eitthvað sem ekki er vænst af því (Kristín Björnsdóttir, 2006). Ekki er heldur óalgengt að fötluðu fólki sé hrósað fyrir hluti sem teljast sjálfsagðir þegar um ófatlað fólk er að ræða. Umfjöllunin um GÆS á samfélagsmiðlum endurspegladi þessar staðalmyndir af fötluðu fólki. Því var til dæmis lýst sem hetjum og dugnaðarforkum en jafnframt var talað um það sem gleðigjafa, krakka eða krakkana. Hópnum var auk þess hrósað á samfélagsmiðlum fyrir hugmyndina að GÆS, framtakið, gleðina og hversu frábær þau væru. Þrástefið stolt kom líka fram í þessari orðræðu og almenningur tjáði sig ítrekað um það hve stoltur hann væri af GÆSarhópnum.

Það vekur athygli í þessari umræðu að velgengni GÆSar virtist koma almenningi á óvart. Í því sambandi má leiða að því líkur að ákveðið vanmat á getu fólksins hafi áhrif sem á sér ekki síst rætur í skorti á tækifærum, en fólk með þroskahömlun hefur í gegnum tíðina fengið fá tækifæri til að sanna sig á almennum vinnumarkaði (Johnson, 2005). Því er ekki reiknað með að fólk með þroskahömlun sé fært um að reka fyrirtæki eins og GÆS. Ekki er ólíklegt að almenningi hafi fundist að með framtakinu hafi hópurinn sigrast á fötlun sinni og náð óvenjulegum árangri og komist með þeim hætti á sama stall og ófatlað fólk. Þó að almenningur samgleddist GÆSarhópnum og sýndi kaffihúsinu mikinn áhuga má draga þá ályktun að viðbrögðin og þar með orðræða um GÆS hafi byggst á ableisma þar sem gengið er út frá því að fólk með þroskahömlun geti ekki og eigi ekki að geta það sama og ófatlað fólk.

Örlög GÆSar

Eins og frá hefur verið greint ögraði kaffihúsið GÆS ríkjandi hugmyndum um fólk með þroskahömlun, hugmyndum sem hafa meðal annars birst í vantrú á getu fólksins til að standa á eigin fótum (Guðrún V. Stefánsdóttir, Kristín Björnsdóttir og Ástríður Stefánsdóttir, 2014). Félagarnir í GÆSarhópnum gerðu sér fulla grein fyrir því að þau voru frumkvöðlar í íslensku samfélagi og að þau höfðu með framtaki sínu haft áhrif á viðhorf almennings til fólks með þroskahömlun. Ein úr GÆSarhópnum lýsti þessu þannig:

Bara hugmyndin að fólk með þroskahömlun væri að sjá um sitt fyrirtæki breytti heilmiklu og fólk var forvitnið um hvernig það væri hægt. Við sýndum fólki að það væri hægt. Mér fannst eins og að samfélagið hefði trú á okkur.

Auk þess að ögra ríkjandi hugmyndum um fólk með þroskahömlun fannst GÆSarhópnum skipta máli að sýna að þau gætu staðið á eigin fótum og verið í forsvari fyrir eigið fyrirtæki. Þau voru sannfærð um að með því að sýna getu sína myndi almennur átta sig á að þau hefðu hæfileika og gætu það sama og aðrir ef þau fengju tækifæri og réttan stuðning. Þeim fannst mikilvægt að fá tækifæri til þess að vera sýnileg og þau voru stolt af þátttöku sinni í GÆS. Þeim fannst samfélagið hafa trú á þeim og að GÆS væri allra eins og titill þessarar greinar vitnar um. „GÆSin mín og GÆSin þín, Egils malt og appelsín,“ sagði einn af stofnfélögum GÆSar í góðu tómi og tengist það þeirri upplifun að kaffihúsið hafi verið okkar allra rétt eins og Egils malt og appelsín. Fimmmenningarnir vildu deila sinni lífssýn og rýminu á GÆS og þeim fannst almennur eiga hlutdeild í GÆS með þeim. Þrátt fyrir velgengni GÆSar og góðar viðtökur almennings hætti GÆS starfsemi sinni í Tjarnarbíói haustið 2013. Ástæðan fyrir því var tvíþætt. Annars vegar var sýn Reykjavíkurborgar önnur en GÆSarhópsins og fólst í því að Reykjavíkurborg vildi ráða verkefnastjóra yfir kaffihúsinu sem hefði það hlutverk að hafa yfirumsjón með því og þróa það áfram og hins vegar misstu þau húsnæðið í Tjarnarbíói. GÆSarhópurinn var alfarið á móti því að ráðinn yrði fyrir þau verkefnastjóri enda byggði hugmyndafræði GÆSar á því að þau væru sjálf við stjórnvölinn. Ein úr GÆSarhópnum líkti þessari hugmynd við það að ráða forstöðukonu, en hugtakið er þekkt hjá fólki með þroskahömlun sem manneskjan sem hefur völdin, „sá eða sú sem ræður yfir lífi fatlaðs fólks“ (Auður Finnbogadóttir, 2012). Hér má líka tengja við forræðishyggju og staðalmyndina að fólk með þroskahömlun sé eilíf börn, geti ekki axlað ábyrgð og sé því upp á annað fólk komið. GÆSarhópurinn óskaði í framhaldi af þessum viðræðum eftir því að Reykjavíkurborg veitti styrk sem þau sjálf myndu ráðstafa og ráða aðstoðarfólk sem hefði það hlutverk að styðja þau sem stjórnendur eigin fyrirtækis eins og um sumarið. Það var ekki samþykkt. GÆSarhópurinn hugðist leita styrkja og halda áfram þrátt fyrir það en eftir að hafa verið sagt upp húsnæðinu í Tjarnarbíói var kaffihúsinu lokað í september 2013. Ekki er hægt að túlka viðbrögð starfsfólks Reykjavíkurborgar á annan hátt en sem vanmat á getu fimmmenninganna og skilningsleysi á mannréttindasýn GÆSar sem byggir á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2013). GÆSarhópurinn mat það svo að ef ráðin yrði „forstöðukona“ yfir verkefninu væri GÆS orðin verndaður vinnustaður en ekki það frelsandi opna rými sem þau sjálf stjórnðu. Viðbrögð Reykjavíkurborgar má í þessu samhengi tengja við ableisma með því að ætla að það sé hópnum fyrir bestu að ráða fyrir hann „forstöðukonu“ og kollvarpa þannig rými GÆSar úr því frelsandi rými sem hópurinn hafði skapað sér í rými ráðandi afla. Út frá kenningum um samvinnunni (Lykke, 2010) má álykta að þessar efasemdir sem fram komu um hæfni GÆSarmeðlima til að stjórna sínu eigin fyrirtæki kunni meðal annars að vera sprottnar af þeirri hugmynd að það séu forrættindi ákveðinna hópa ófatlaðs fólks að reka fyrirtæki og stjórna því. Auk þess má leiða að því líkur að auk fötlunar hafi stéttarstaða þeirra, aldur og kyn samvinnast í viðhorfum til hópsins. Fimmmenningarnir voru samkvæmir sjálfum sér og hugmyndafræði GÆSar, þau samþykktu ekki tillögur Reykjavíkurborgar, þau létu í sér heyra, bæði á Facebook-síðu sinni og í viðtölum. Þau skrifuðu einnig opið bréf til borgarráðs sem birtist í Fréttablaðinu þar sem þau óskuðu eftir svörum (Menningarfélagið GÆS, 2013). Viðbrögð þeirra sýna að þau höfnuðu þeim staðalmyndum sem ætlast var til að þau sættu sig við, þ.e. að þau væru þakklát og samþykktu það sem að þeim væri rétt. GÆSarhópurinn tók sér

Þannig rými og beitti andófi gegn ríkjandi viðhorfum til fólks með þroskahömlun. Það andóf sem GÆSarliðar sýndu er í anda hugmynda Foucault (1966–1976/2005) um að þar sem vald er sé líka andóf (e. resistance). Þannig tóku þau sér ákveðna valdastöðu og mótmæltu því viðhorfi að þeim væri ekki treystandi svo og því valdi sem starfsfólk Reykjavíkurborgar sýndi þeim. Miklar þversagnir komu síðar fram í svörum starfsmanna Reykjavíkurborgar í fjölmiðlum, meðal annars þær að Reykjavíkurborg gæti ekki staðið fyrir rekstri kaffihúss vegna samkeppnissjónarmiða (Flækir málið að borgin styrkir kaffi GÆS, 2013). GÆSarhópurinn var ekki að biðja um að Reykjavíkurborg ræki kaffihúsið heldur óskuðu þau eftir styrk til að halda verkefninu áfram. Reykjavíkurborg styrkir fjölbreytt verkefni og er með ýmsa þjónustu á sínum vegum sem er samkeppnishæf svo að þessi rök standast ekki. Þetta hafði mikil áhrif á hópinn og þau misstu trú á verkefninu um tíma. Haustið 2013 var því verulega erfiður tími fyrir frumkvöðlana fimm sem einn þeirra lýsir hér:

Þetta var svo langerfiðast hvernig komið var fram við okkur af þeim þarna í lokin. Við vildum ekki láta stjórn okkur. Það erum við sem eigum að ráða. Það á að vera þannig og ég bara fatta ekki af hverju þetta þarf að vera svona.

María Þ. Hreiðarsdóttir, ein af GÆSarliðum, hefur skrifað um reynslu sína af starfi sínu á GÆS í bók sinni „Ég lifði í þögninni“ – Lífssaga Maríu Þ. Hreiðarsdóttur (María Þ. Hreiðarsdóttir og Guðrún V. Stefánsdóttir, 2017). Þar kemur fram að GÆS var í hennar huga stórkostlegt verkefni. Hún lýsti því einnig hve sorgmædd hún var yfir endalokunum og ekki síst yfir þeirri vantrú sem Reykjavíkurborg sýndi GÆSarhópnum. Hún benti líka á að á sama tíma og GÆS var að óska eftir styrk frá borginni var ráðin ófötluð manneskja til að sjá um atvinnumál fatlaðs fólks í borginni og þótti henni það kaldhæðnislegt. María veltir fyrir sér ástæðunni fyrir viðbrögðum Reykjavíkurborgar og segir:

Kannski var það vegna þess að við vildum sjálf ráða og reka kaffihúsið án afskipta borgarinnar. Ef til vill treystu yfirmenn borgarinnar okkur ekki til þess. Þannig er það oft með viðhorf til fólks með þroskahömlun. Fólk heldur að við getum ekki hitt og þetta og að við eigum að láta ófatlaða fólkið um að stjórna (María Þ. Hreiðarsdóttir og Guðrún V. Stefánsdóttir, 2017, bls. 40–41).

Þessi framkoma endurspeglar ríkjandi viðhorf til fólks með þroskahömlun, viðhorf sem byggjast á vanmati og forræðishyggju (Guðrún V. Stefánsdóttir o.fl., 2014). Þetta er í algjörrri andstöðu við bæði hugmyndir fimmmenninganna sem efuðust ekki um eigin getu til að sjá um og reka eigið fyrirtæki svo og þeirra radda sem heyrðust í fréttaflutningi og á samfélagsmiðlum. Þar var GÆS hylt, hvatningarorðum rigndi yfir hópinn sem stóð að framtakinu og margir vildu aðstoða GÆS við að finna sér nýja framtíð.

Samantekt og lokaorð

Í greininni hefur verið leitast við að svara hvað einkenndi orðræðuna um kaffihúsið GÆS, hverjar séu helstu þversagnir hennar og hvernig orðræðan um GÆS mótaði reynslu stofnfélaganna fimm. Ætla má að orðræðan endurspegli á einhvern hátt almenna orðræðu um fólk með þroskahömlun í samfélaginu, sérstaklega þegar kemur að sögulegum viðhorfum sem endurspeglar vanmat á fólk með þroskahömlun. Þar er fatlað fólk sett í hlutverk krakka, gleðigjafa, ofurhetja og snillinga, jafnvel fyrir hversdagslegar athafnir. Þannig getur orðræðan verið meiddandi, gert lítið úr fólkinu og skyggt á það hlutverk sem meðlimir GÆSar sinntu í raun, sem rekstraraðilar og kaffihúsaeygendur. Í mótsögn við þessa orðræðu komu líka fram merki um að GÆSarhópurinn hefði haft áhrif á viðhorf almennings með því að ögra áður nefndum staðalmyndum og snúið á hvolf viðteknum hugmyndum um fólk með þroskahömlun.

Samkvæmt félagslegum skilningi á fötlun er áhersla lögð á að ögra hefðbundnum hugmyndum, viðhorfum og ímyndum um fatlað fólk og hafa þannig áhrif á menningu og samfélag í heild (Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2013; Shakespeare, 1998). Þegar niðurstöður er skoðaðar í ljósi félagslegs skilnings á fötlun má álykta að GÆSarhópnum hafi tekist með styrk sínum að ryðja ákveðnum hindrunum úr vegi og beina sjónum að dugnaði og hæfileikum þeirra sem í hlut áttu. Þau fengu greiðari aðgang að opinberri umræðu, til dæmis með fréttaflokkningi, og almenningur fylgdist vel með þeim og hafði áhuga á verkefninu. Jákvæðni orðræðunnar um GÆS hafði áhrif víða, ekki síst á stofnfélagana fimm sem fundu fyrir að hafa haft áhrif á viðhorf og þankangang fólks.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa líka til kynna að rýmið GÆS hafi verið frelsandi fyrir stofnfélagana fimm þar sem það var þeirra sköpunarverk og þar höfðu þau valdið í sínum höndum. Líta má á kaffihúsið og það frelsandi rými sem varð til á GÆS sem nokkurs konar heterótópiu í anda Foucault (1966–1976/2005). Þrátt fyrir velgengni og vinsældir GÆSar þá má hér merkja ableisma og í gegnum orðræðuna má greina hversu mikil áhrif hans eru, þar sem það er ekki reiknað með því að fólk með þroskahömlun geti rekið kaffihús. Þegar það svo fær til þess tækifæri þá fær það ekki langan tíma til að sanna sig, reynt er að svipta það valdinu og breyta hugsjónum hópsins og hugsmið. Þar má sérstaklega nefna ableiska framkomu þeirra sem að verkefninu komu á vegum Reykjavíkurborgar og birtist meðal annars í skilningsleysi og vantrú á getu hópsins. Starfsfólk borgarinnar taldi sig vita betur hvað væri hópnum fyrir bestu og endurspeglar það þá forræðishyggju sem hefur einkennt viðhorf til fólks með þroskahömlun (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008; Kristín Björnsdóttir, 2009). Því má álykta að kerfi borgarinnar hafi brugðist GÆSarhópnum með því að sjá sér ekki fært að styðja þá mannréttindasýn sem einkenndi GÆS og réð að lokum úrslitum um að loka þurfti kaffihúsinu. Það er því margt sem bendir til þess að enn sé þess langt að biðja að verkefni eins og GÆS geti blómstrað og átt sér tryggja framtíð. Ísland er í því ferli að lögleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2013). Í samningnum kemur fram skýr mannréttindasýn sem til lengri tíma litið getur átt þátt í að breyta viðhorfum og þankangangi fólks og því kerfi sem er við lýði á Íslandi.

Niðurstöður benda líka til þess að orðræðan um GÆS hafi einkennst af ákveðnum þversögnum. Í þeim fólst meðal annars að hópnum sem stóð að GÆS var annars vegar lýst sem hetjum en hins vegar sem krökkum og gleðigjöfum. Önnur þversögn þessa máls var sú að almenningur stóð með þeim en Reykjavíkurborg brást þeim. Annað hvort var fólkinu treyst fyrir GÆS eða alls ekki. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar má álykta að almenningur hafi átt sinn hlut í GÆS, hann hafi almennt haft trú á verkefninu og fólkinu sem að því stóð, en að kerfið hafi hamlað framgöngu þess.

Að lokum er mikilvægt að draga fram þann styrk sem frumkvöðlarnir fimm sýndu með því að vera tilbúin að deila lífssýn sinni, veita samfélaginu hlutdeild í GÆS og opna rýmið fyrir öllum sem þangað vildu koma. GÆSin mín og GÆSin þín tengdi saman ólíka hópa samfélagsins og á hana má líta sem eins konar sameiningartákn. Þessi grein er skrifuð fyrir stofnfélaga GÆSar en líka fyrir alla því að samfélagið er miklu ríkara þegar allir fá tækifæri til að láta ljós sitt skína og sjá drauma sína rætast.

The discourse about Café GÆS

Employment opportunities in the open labour market for people with intellectual disabilities have long been of a limited nature and often the only jobs on offer have been low-paid, with little opportunity for pay rise or promotion. It was, therefore, a watershed in labour market participation by people with intellectual disabilities when Café GÆS was opened in the premises of Tjarnarbíó in June 2013. For the first time in Iceland, people with intellectual disabilities established a company and took charge of all management as well as the front-of-the-house positions. Five graduates

from a vocational diploma program for people with intellectual disabilities at the University of Iceland launched Café GÆS. One of the students came up with the idea to open a café run by disabled people. She wanted to see some drastic changes in job opportunities for disabled people and create a more accepting community in the labor market. The name GÆS means “goose” in Icelandic but is also acronym for “get, ætla, skal” (I can, I will, and I shall). The ideology of the project is derived from the United Nations Convention on the Rights of Persons with Disabilities. According to the convention, disabled people have the right to participate in society on an equal basis with others and are entitled to live in a community without discrimination. They also have equal rights to be employed and earn a living and to work in a disability friendly environment, as well as starting their own business with relevant support and backing.

This research reports on findings from an ethnographic study carried out in 2012 – 2014. The research falls within the field of disability studies whose academic approach critiques medical definitions of disability, emphasising, instead, the interplay of impairments and environment and the importance of human rights for disabled people. The aim of the research was to identify and analyse the discourse on Café GÆS, which received significant coverage in news and online media. A particular emphasis was placed on the way people’s perspectives of intellectual disability were reflected in the discourse. In addition, a special effort was made to explore how the discourse shaped the five founding individuals’ life experiences; for this purpose, participant observations were carried out in the café and both individual and focus group interviews were conducted with them. The data was analysed by means of discourse analysis and thematic analysis. The results of the research suggest that the discourse on GÆS in some ways reflects the general social discourse on people with intellectual disabilities, particularly with respect to historical views which mirror a devaluation, placing them in the roles of kids, sources of joy and amusement, superheroes and geniuses, even with reference to everyday activities. In contradiction to those perspectives there were also indications that the GÆS group has altered people’s views by challenging the above-mentioned stereotypes and reversing accepted notions relating to people with intellectual disabilities. Thus, one might conclude that GÆS has contributed to a more open discourse on the skills and competences of people with intellectual disabilities. The findings also indicate that the discourse on GÆS was characterised by positive attitudes towards the group which established the café. This, among other things, was manifested in considerable media interest and goodwill towards the café. But in contrast to the conclusions outlined above, the discourse was also coloured by ableism and stereotypes of people with disabilities, attitudes which are, for example, demonstrated by regarding them as eternal children who cannot assume responsibilities. Ableism presumes that disability is a certain divergence from the norm and that people who are not disabled should always be socially classified over and above those with disabilities. There is some likelihood, therefore, that notions of ableism have led to the expression of doubts regarding their ability to run a café and that this later became a weighty reason for the operation being wound up.

Key words: People with intellectual disabilities, employment participation, human rights, discourse, disability studies.

Um höfundana

Ágústa Rós Björnsdóttir (agusbjo@hi.is) starfar sem verkefnastjóri starfstengds diplómanáms fyrir fólk með þroskahömlun á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk meistaraþrófi í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands árið 2018. Ágústa hefur tekið þátt í rannsóknum sem tengjast lífi, reynslu og þátttöku fólks með þroskahömlun.

Dr. Jón Ingvar Kjara (jik@hi.is) er sérfræðingur við Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Hann er jafnframt dósent við Deild menntunar og margbreytileika á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Áherslur hans í rannsóknum eru kynjajafnrétti, kynhneigð, félagsfræði menntunar, kynbundið ofbeldi og fjölmanning.

About the authors

Ágústa Rós Björnsdóttir (agusbjo@hi.is) works as a project manager at the University of Iceland, School of Education, and supervises vocational diploma programs for students with intellectual disabilities. She completed an MA degree in educational studies from the University of Iceland, School of Education, in 2018. Her participation in research has been in the field of disability studies, focusing on experiences and perceptions of people with intellectual disabilities.

Dr. Jón Ingvar Kjara (jik@hi.is) is senior researcher at UNU-GEST, United Nations University Gender Equality Studies and Training Programme. He is also associate professor at the University of Iceland, School of Education / Faculty of Diversity and Education. His research focus is on gender equality, sexuality, ethnicity, sociology of education, and gender violence. See further: <https://uni.hi.is/jik/>

Heimildir

- Aol. (2013). *Tim's Place Albuquerque's service with a smile | You've got* [myndband]. Sótt af <https://www.youtube.com/watch?v=y6He0FWoFj0>
- Atkinson, P. og Hammersley, M. (2007). *Ethnography: Principles in practice*. London: Routledge.
- Auður Finnbogadóttir. (2012). Skjólstaðingur minn eða vinnuveitandi – skiptir það máli? *Uppeldi og menntun*, 21(1), 121–127.
- Bogdan, R. og Biklen, S. (1998). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods* (3. útgáfa). Boston: Allyn & Bacon.
- Bogdan, R. og Biklen, S. (2003). *Qualitative research in education: An introduction to theories and methods* (4. útgáfa). Boston: Allyn & Bacon.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: Sage.
- Campbell, F. K. (2009). *Contours of ableism: The production of disability and abledness*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Carlson, L. (2001). Cognitive ableism and disability studies: Feminist reflections on the history of mental retardation. *Hypatia*, 16(4), 124–146.
- Creswell, J. W. (2007). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches* (2. útgáfa). Thousand Oaks, CA: Sage.
- de Certeau, M. (1984). *The practice of everyday life*. Berkeley, CA: University of California Press.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw Hill.

- Eva Þórdís Ebenezersdóttir. (2014). *Haltrað í tveimur heimum: Skilningur á fötlun og skerðingum í íslenskum þjóðsögum fyrir 1900* (meistararitgerð). Sótt af <http://skemman.is/handle/1946/17315>
- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2011). *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga: Október 2011 – Kortlagning á stöðu þjónustunnar fyrir flutning* [úttekt unnin fyrir velferðarráðuneytið]. Reykjavík: Höfundur.
- Flækir málið að borgin styrkir kaffi GÆS. (2013, 20. september). *Ruv.is* Sótt af <http://www.ruv.is/frett/flaekir-malid-ad-borgin-styrkir-kaffi-gaes>
- Foucault, M. (1972). *The archaeology of knowledge and the discourse of language*. New York: Tavistock.
- Foucault, M. (1998). *The will to knowledge: The history of sexuality. Vol. 1* (R. Hurley þýddi). London: Penguin Books.
- Foucault, M. (2002). Um önnur rými (Benedikt Hjartarson þýddi). *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, 2(1), 131–142.
- Foucault, M. (1966–176/2005). *Alsæi, vald og þekking* (Björn Þorsteinsson, Garðar Baldvinsson og Sigurður Ingólfsson þýddu). Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Fólk beðið um að leggja til bolla. (2013, 8. maí). *visir.is*. Sótt af <http://www.visir.is/g/2013705089943/folk-bedid-um-ad-leggja-til-bolla>
- Garðar Örn Úlfarsson. (2013, 11. apríl). Þroskahamlaðir opna kaffihús í Tjarnarbíói. *Fréttablaðið*. Sótt af <http://www.visir.is/paper/fbl/130411.pdf>
- Goodley, D. (2011). *Disability studies: An interdisciplinary introduction*. Thousand Oaks, CA: Sage.
- Goodley, D. (2014). *Disability studies: Theorising disableism and ableism*. New York: Routledge.
- Guðrún V. Stefánsdóttir. (2008). „Ég hef svo mikið að segja“: Lífsögur Íslendinga með þroskahömlun á 20. öld (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Guðrún V. Stefánsdóttir. (2013). Atvinnuþátttaka fólks með þroskahömlun sem lokið hefur starfstengdu diplómanámi frá Háskóla Íslands. *Tímarit um menntarannsóknir*, 10(1), 85–103.
- Guðrún V. Stefánsdóttir, Kristín Björnsdóttir og Ástríður Stefánsdóttir. (2014). „Má ég fá að ráða eigin lífi?“ Sjálfræði og fólk með þroskahömlun. *Uppeldi og menntun* 23(2), 21–41.
- Hagner, D. (2000). *Coffee breaks and birthday cakes: Evaluating workplace cultures to develop natural supports for employees with disabilities*. St. Augustine, FL: Training Resource Network.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir. (2008). Orðræða um seinfæra foreldra í netheimum. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 413–421). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir. (2013). Inngangur: Rannsóknir á fötlun og menningu. Í Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir (ritstjórar), *Fötlun og menning: Íslandssaga í öðru ljósi* (bls. 7–25). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2006). Leitað að mótsögnum: Um verklag við orðræðugreiningu. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 178–195). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Johnson, K. (2005). Moving out: Reflection. Í K. Johnson og R. Traustadóttir (ritstjórar), *Institutionalization and people with intellectual disabilities: In and out of institutions* (bls. 145–156). London: Jessica Kingsley.
- John's crazy socks. (2017). Sótt af <https://johnscrazysocks.com>
- Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2015). Inclusion, exclusion and the queering of spaces in two Icelandic upper secondary schools. *Ethnography and Education*, 10(1), 42–59. doi:10.1080/17457823.2014.925409
- Kaffihús fatlaðra fær verðlaun. (2013). *Dv.is*. Sótt af <http://www.dv.is/frettir/2013/12/3/kaffihus-fatladra-faer-verdlaun/>
- Kristín Björnsdóttir. (2006). Öll í sama liði. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII: Félagsvísindadeild* (bls. 303–314). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kristín Björnsdóttir. (2009). *Resisting the reflection: Social participation of young adults with intellectual disabilities* (doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Kristín Björnsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2013). Margrödduð orðræða í tímaritum samtaka fatlaðs fólks. Í Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir (ritstjórar), *Fötlun og menning: Íslandssaga í öðru ljósi* (bls. 257–277). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kristín Björnsdóttir og Kristín Stella L'orange. (2014). „Engar hendur, ekkert súkkulaði“: Kyngervi, hörundslitur, fötlun og stétt í kvikmyndinni *Intouchables*. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/009.pdf>
- Lefebvre, H. (1991). *The production of space*. Oxford: Blackwell.
- Lykke, N. (2010). *Feminist studies: A guide to intersectional theory, methodology and writing*. New York: Routledge.
- Margrét Magnúsdóttir. (2010). *Atvinnumál fatlaðs fólks: Þátttaka á almennum vinnumarkaði með stuðningi* (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

- María Þ. Hreiðarsdóttir og Guðrún V. Stefánsdóttir. (2017). „Ég lifði í þögninni“: *Lífssaga Maríu Þ. Hreiðarsdóttur*. Reykjavík: Bókaútgáfan Draumórar.
- Menningarfélagið GÆS. (2013, 24. október). Opið bréf til borgarráðs. *visir.is*. Sótt af <http://www.visir.is/g/2013710249983>
- Oliver, M. (1990). *The politics of disablement*. Basingstoke: MacMillan.
- Rannveig Traustadóttir. (2006). Í nýjum fræðaheimi: Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 13–36). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. (2013). Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2009/06/10/Samningur-Sameinudu-thjodanna-um-rettindi-fatlads-folks/>
- Shakespeare, T. (1998). *The disability reader: Social science perspectives*. London: Cassell.
- Shakespeare, T. (2006). *Disability rights and wrongs*. London: Routledge.
- Shildrick, M. (2017). Critical disability studies: Rethinking the conventions for the age of postmodernity. Í N. Watson, A. Roulson og C. Thomas (ritstjórar), *Routledge handbook of disability studies* (bls. 30–41). London: Routledge.
- Silverman, D. (2010). *Doing qualitative research: A practical handbook* (3. útgáfa). London: Sage.
- Tøssebro, J. (2004). Introduction to the special issue: Understanding disability. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 6(1), 3–7.
- Velferðarráðuneytið. (2013). *Þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk: Tölulegar upplýsingar vegna ársins 2011*. Sótt af <http://www.velferðarraduneyti.is/rit-og-skyrslur-vel/nr/34292>
- Wistow, R. og Schneider, J. (2003). Users' views on supported employment and social inclusion: A qualitative study of 30 people in work. *British Journal of Learning Disabilities*, 31(4), 166–174.



Ágústa Björnsdóttir og Jón Ingvar Kjaran. (2019).
„GÆSin mín og GÆSin þín, Egils malt og appelsín“
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2019/ryn/06>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2019.6>